

## FRÁSÖGN TIL ÍSLANDSDEILDAR

*af sameiginlegum fundi Alþjóðaðingmannasambandsins (IPU) og Sameinuðu þjóðanna í New York 13.-14. febrúar 2017.*

Alþjóðaðingmannasambandið (IPU) og Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir sameiginlegum fundi 13.–14. febrúar í tengslum við ný þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna til 2030. Þema fundarins var málefni hafsins: Verndun hafs, jarðar og mannlegrar velferðar. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaðingmannasambandsins sóttu fundinn Birgir Ármannsson, formaður, og Halldóra Mogensen, auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Fundurinn var haldinn í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna þar sem 200 þingmenn frá aðildarríkjum IPU, auk sérfræðinga og embættismanna, tóku þátt með það að markmiði að stuðla að þingræðislegum aðgerðum til að ná þróunarmarkmiði 14 sem fjallar um verndun og sjálfbæra nýtingu sjávar.

Forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, Peter Thomson, hélt opunarávarp fundarins og varaði við afleiðingum þess að virða að vettugi hnignandi ástand sjávar. Hann sagði nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd að án heilbrigðs og sjálfbærs úthafs sé mannlíf á jörðinni í hættu. Þá lagði hann áherslu á ómetanlegt hlutverk þingmanna við að snúa þróuninni við. Hann sagði stefnumótun og lagasetningu lykilatriði til að koma aftur á sjálfbærni í heimshöfunum.

Forseti IPU, Saber Chowdhury, lagði í máli sínu áherslu á hlutverk þingmanna við verndun hafsins og sagði fund sem þennan gullið tækifæri fyrir þingmenn til að öðlast aukinn skilning og deila reynslu sinni af þeim fjölmörgu þáttum sem hafa áhrif á ástand sjávar eins og loftslagsbreytingar, mengun og ofveiði. Þá hvatti hann þingmenn til að beina sjónum sínum í auknum mæli að vistkerfinu sem margir taka sem sjálfsögðum hlut á þeim fölsku forsendum að það geti alltaf endurnýjað sig.

Þátttakendur ályktuðu í lok fundarins að mikilvægustu aðgerðir til verndar hafsvæðum byggðust á lagasetningu og reglugerðum, þ.m.t. verndarsvæðum, reglum um fiskiðnað og banni við notkun plastpoka og frauðplasts. Nauðsynlegt sé að hugarfarsbreyting eigi sér stað bæði í þróunarríkjum og þróuðum ríkjum þar sem hugarfar einkennist af því að auka efnahagsvöxt og leiða hjá sér áhyggjur af afleiðingum fyrir komandi kynslóðir og jörðina.

Halldóra Mogensen tók þátt í umræðum og vitnaði m.a. í texta úr skýrslu frá 2012, skrifaða af 21 fyrrum vinningshafa Blue Planet Prize frá 2012, þar sem segir að ef komi til algjör og fordæmalaus hættuástands verði samfélög að grípa til dramatískra aðgerða til að koma í veg fyrir fall siðmenningar. Þá munum við annað hvort breyta hegðun okkar og byggja algjörlega nýja gerð samfélags eða núverandi samfélögum verður breytt fyrir okkur. Þá spurði Halldóra sérfræðinga í pallborði hvort þeir teldu nauðsynlegt að umbreyta hagkerfi nútímans til að minnka ofnýtingu auðlinda sem á sér stað um þessar mundir. Svar pallborðsins var að þróun og menntun almennings væri nauðsynleg þegar horft væri til sjálfbærni samfélaga. Þá var Ísland tekið sem dæmi um góða nýtingu á fiskafurðum þar sem allir hlutar fisksins eru nýttir sem m.a. stuðlar að vöru- og atvinnusköpun.

Jafnframt tók Halldóra til máls í umræðum um sjálfbæra framleiðslu, neyslumynstur og ábyrgð fyrirtækja og benti á að ekki væri hægt að skella ábyrgðinni á neytendur því fæstir hefðu efnahagslegar forsendur til að velja framleiðsluvörur sem væru unnar á sjálfbæran hátt. Þá væri mikilvægt að skoða það sérstaklega að fyrirtæki störfuðu innan manngerðra ramma eða skipulagsheilda sem hefðu nýst okkur vel hingað til en spurning væri hvort þau nýtist okkur eins vel í framtíðinni. Þá spurði hún á hvaða tímamarki við ætluðum að forgangsraða þannig að við settum velferð mannfólksins, dýra og plánetunnar ofar hagnaðarsjónarmiðum. Þá óskaði hún eftir álitum á því hvort ósjálfbær framleiðslu- og neytendamynstur sem einkenna samfélög núna gætu verið afleiðing af úreltum hvötum í efnahagskerfum nútímans og hvort ekki væri rétt að horfa til

Þess að breyta þeim plánetu okkar til bjargar. Svar pallborðsins var á þá leið að ef mannfólkið héldi áfram að neyta hluta sem nýttust okkur ekki á þann hátt að auka velferð okkar þá væri svarið já, við neyddumst til að breyta þeim neyslumynstrum okkar. Stuðla mætti að slíkum breytingum með lagasetningu og fræðslu um t.d. skaðsemi plastumbúða um neysluvörur.

Enn fremur minnti framkvæmdastjóri IPU, Martin Chungong, þátttakendur á að Alþjóðáþingmannasambandið (IPU) hefði nýlega gefið út í samvinnu við UNDP leiðbeiningar um hvernig þingmenn gætu innleitt þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna í löggjöf sína. Þá sagði hann ráðstefnu sem þessa gera þingmönnum kleift að leggja sitt af mörkum til vinnu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegrar lagasetningar. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar.